

Mál nr. 58/2010

Ár 2011, mánudaginn 11. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 58/2010

X
gegn
Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 14. desember 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði Y hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann YY án þess að tíkin XX eða rakkinn YY hefðu gild augnvottorð og án þess að tíkin XX hefði náð tilskildum lágmarksaldri. Kæran var send kærða Y til umsagnar með bréfi dagsettu 16. desember 2010 og honum gefinn andmælafrestur til 13. janúar 2011. Andmæli bárust ekki innan tilskilins frests og var kærða Y send ítrekun dags. 19. janúar. Hinn 1. febrúar móttók siðanefnd svarbréf kærða Y sem var dagsett 23. janúar. Var afrit þess bréfs sent kæranda X til umsagnar. Kærandi X svaraði ekki efnislega en fór fram á að siðanefnd ynni málið áfram. Var boðaður sáttafundur með málsaðilum þann 8. mars 2011. Þar sem kærði Y býr utan höfðuborgarsvæðisins var honum boðið uppá að fundað yrði gegnum fjarfundabúnað og þáði hann það. Á fundinum reifudu aðilar sjónarmið sín. Ekki náðust sættir og þar sem siðanefnd taldi að öll gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta væru komin fram ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var XX pöruð við rakkann YY hinn 4. júní 2010. Hundarnir eru af hundakyninu labrador retriever og er tíkin XX í eigu kærða. Við pörunina var hvorugur hundanna með gilt augnvottorð auk þess sem tíkin XX hafði ekki náð tilskildum tveggja ára lágmarksaldri sem reglur félagsins segja til um. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærði Y kvaðst í bréfi sínu hafa keypt tíkina sem ræktunardýr og á bak við hana væru foreldrar með góðar ættir. Áætlað var að fara með tíkina XX í augnskoðun í nóvember 2009 en vegna fjölskylduáðstæðna hefði það ekki getað orðið. Næsta augnskoðun sem vera átti í febrúar 2010 féll niður. Ákveðið hafði verið að para tíkina XX um sumarið og var ætlunin að það yrði gert eftir augnskoðun sem fara átti fram 5. júní. Hins vegar gerðist það, að tíkin XX lóðaði fyrr en ætlað var og var hún pöruð 4. júní. Daginn eftir var farið með tíkina XX í augnskoðun og þar kom í ljós að hún var með arfgengan augnsjúkdóm.

Hvað varðar aldur tíkarinnar þá kvaðst kærði Y hafa talið að nóg væri að tíkin væri orðin tveggja ára við fyrsta got og/eða að í lagi væri að para tík á þriðja lóðarí. Hann taldi auk þess að ræktendur væru ekki að horfa mikið í daga heldur frekar hvaða tími hentaði best tíkinni og tilvonandi hvolpaeigendum. Kærði Y kvaðst hafa verið undir þrýstingi með þessa pörun og því tekið fljótfærnislega ákvörðun. Hann hefði hingað til ávallt vandað sig mikið og fylgt þeim reglum sem HRFÍ hefur sett og er það ætlun hans að svo verði áfram. Hann hafi fullan hug á því að vera áfram meðlimur í HRFÍ og fylgja þeim reglum sem þar gilda.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í grein 3.3 sömu reglna segir:

„Para ekki tók fyrir tveggja ára aldur nema annað sé tekið fram í reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr“

Í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um retriever:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 1. nóvember 1999).

Eftirtaldar tegundir: Labrador retriever, Chesapeake Bay retriever, Nova Scotia Duck Tolling retriever (gildir frá 01.01.2007) og Golden retriever (gildir frá 01.06.2008) verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fái skráðir í ættbók HRFÍ.

Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framarlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P)“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað þann 4. júní 2010 hafði tíkin XX ekki náð þeim aldri er reglur félagsins segja til um. Hana vantaði 42 daga uppá tveggja ára aldur og hefur kærði Y því gerst brotlegur við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Þá er einnig óumdeilt að augnvottorð lá ekki fyrir þegar pörun fór fram. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Labrador retriever skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 18 mánaða. Hefur kærði Y því gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotunum. Kærði Y hefur viðurkennt að hafa tekið ranga ákvörðun að para tíkina XX enda hafi komið í ljós að hún stóðst ekki augnskoðun sem fram fór eftir pörun. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og skal það liggja fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundarnir séu ekki með arfgengan augnsjúkdóm. Í þessu tilviki hefði verið mikilvægt að sú regla hefði verið virt. En kærði Y hefur átt farsælan feril innan félagsins til þessa og hefur fullan hug á því að svo verði áfram þó svo að þessi mistök hafi rýrt orðspor hans.

Við mat á viðurlögum er litið til þess að um er að ræða fyrsta brot.

IV. Niðurstaða

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 og grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærði er áminntur.

f.h siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir